

Matvælastofnun  
Bt. Hrönn Ólína Jörundsdóttir  
Austurvegur 64  
800 Selfoss



Reykjavík, 26.04.2024

### Erindi: Áframhaldandi vanhöld dýra á bænum Höfða í Þverárhlið

Dýraverndarsambandi Íslands (DÍS) hafa borist ábendingar um áframhaldandi vanhöld sauðfjár á bænum Höfða í Þverárhlið og að óborið og nýlega borið sauðfé gangi laust utan girðingar.

Ástand sauðfjár frá Höfða er grafalvarlegt og í ósamræmi við reglugerð nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár og þar með brot á lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, en þar segir einnig að dýr eiga ekki að þjást.

Um er að ræða dýravelferðarmál sem á sér langa sögu og hefur ill meðferð dýra á þessum stað ítrekað komið á borð Matvælastofnunar (MAST), án þess að staða eða aðbúnaður dýranna breytist sjáanlega til hins betra. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit MAST með velferð búfjár telur Ríkisendurskoðun að **málsmeðferð MAST** hafi tilhneigingu til að **dragast um of** þegar frávik eru síendurtekin eða MAST telji dýr ekki vera í neyð. Stjórnsýsluleg meðferð sé í einhverjum tilvikum **svo varfærin að hún gangi gegn markmiðum laga um velferð dýra**.

DÍS spyr því eftirfarandi spurninga:

Hvers vegna hefur velferð dýranna á Höfða ekki verið varin, líkt og lög kveða á um, heldur eru dýrin ítrekað látin þjást á þessum stað á meðan málið er í ferli?

Hvað veldur að ekki er gripið til aðgerða dýrunum til varnar, hefur stofnunin ekki næg lagaleg úrræði til að bregðast við í málinu?

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar DÍS,

*Linda Karen Gunnarsdóttir*

Linda Karen Gunnarsdóttir  
formaður

Afrit:  
matvælaráðuneytið